

## REGLUGERÐ

**um (58.) breytingu á reglugerð nr. 580/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þáðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 136. tölul., svohljóðandi:

136. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1323 frá 30. júní 2025 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Kanada, Breska konungsríkið og Bandaríkin í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum til Sambandsins.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerðir sem nefndar er í 1. gr. eru birtar á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem [fylgiskjal við auglýsingu nr. 21/2025](#).

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995, lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994 og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 8. júlí 2025.*

**Hanna Katrín Friðriksson.**

---

*Svava Pétursdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 15. júlí 2025